




Ingiberg Magnússon
skrifar um
myndlist

PÓLSK GRAFÍK



Ryszard Otteba: Nærmynd.

Lístráð að Kjarvalsstöðum og sendiráð pólska Alþýðulýðveldisins hafa gengist fyrir því að fá hingað yfirlitssýningu á pólskri grafík og stendur sú sýning nú yfir á Kjarvalsstöðum.

Það var á margra vitorði að grafíklist stendur með miklum blóma austur þar og að margra áliti feti framur en víðast

annarsstaðar. Einkum og sér í lagi hafa Pólverjar vakið á sér athygli fyrir gerð auglýsinga-spjalda, sem að sjálfsögðu er nátengd grafíklist.

Sýning sú sem hingað er komin nú rennur enn styrkari stöðum undir þann grun, að Pólverjar séu, á þessu sviði, í það minnsta í allra fremstu röð.


A sýningu þessari sýna 34 listamenn og hefur einn þeirra Ryszard Otteba valið öll verkin á sýninguna.

Að því er segir í sýningarskrá var markmiðið með valinu að sýna sem fjölbreyttastar vinnu-aðferðir sem þó eiga eitt sameiginlegt, að endurspegla undirstöðutækni grafíklistar, þrykk af móðurmynd. Þessi forsenda er alls ekki verri en hver önnur og liggur afskaplega beint og eðlilega við, þegar um grafík er að ræða. Listamennirnir sem taka þátt í þessari sýningu nota fjölbreytilega tækni við gerð mynda sinna svo sem: dúkristu, tréristu, koparstungu, ætingu, steinprent, gífsþrykk og sáldþrykk. Þetta ásamt aldursmun listamanna, sá elsti er 65 ára, sá yngsti 28 ára, gerir myndir þeirra afar ólíkar.

Grafík er sú grein myndlistar sem kemst næst því að vera fjölmíðill þ.e.a.s. hver mynd er til á mörgum eintökum. Af þeim ástæðum hafa róttækir listamenn og aðrir sem vilja koma boðskap á framfæri, gjarna val-




Marian Malina: Stúlka



Andrzej Pietsch: Fyrir utan gluggan



Jacek Gaj: Freisting III



Zygmunt Magner: 16374A.



Jan Samtloch: Dyr.

id sér þessa tegund myndlistar. Síðast en ekki síst, er svo með grafískum aðferðum hægt að framleiða mun ódýrari myndir, en með öðrum aðferðum. Þeir sem við grafík fást fjalla yfirleitt um mál er varða almenn- ing. Með því er þó ekki sagt að það séu endilega hversdagsleg mál, eða að þau liggja á þröngu afmörkuðu sviði. En þau eiga það sameiginlegt, að eiga brýnt erindi til allra, að minnsta kosti að dómi höfundanna og þess vegna, öðru fremur, velja þeir sér þennan tjáningarmáta.

Sýningin á Kjarvalsstöðum sýnir svo ekki verður um villst að pólsk grafík spannar mjög breitt svið, bæði hugmyndalega og tæknilega. Hún afsannar rækilega þær fullyrðingar, sem hér skjóta öðru hvoru upp kollinum, að fyrir austan tjald gerist ekkert og geti ekkert gerst í listum, vegna yfirgangs stjórna- valda.

Það sem vakti hvað mesta athygli mína var, hve jöfn að gæð- um verkin eru, hvergi á allri sýningunni er veikan hlekk að finna. A jafn stórrí sýningu og hér um ræðir hlýtur slíkt að teljast til tíðinda, jafnvel þó reikni- að sé með því að Pólverjar hafi úr meiru að velja, á þessu sviði, en flestir aðrir.

Lístráð að Kjarvalsstöðum á þakkir skilið fyrir það merka framtak að fá þessa ánægjulegu sýningu hingað, svo og fyrir út- gáfu á óvenju myndarlegri sýn- ingarskrá.

Ingiberg